

Mál nr. 213/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V1) og (V2).

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

- Málskot móttakið 7. júní 2024 ásamt fylgiskjali.
- Bréf V2 dags. 31. október 2024.
- Bréf V1 dags. 3. desember 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis varð hinn 29. maí 2024 árekstur milli bifreiðanna A, sem M ók, og B við hringtorg við Fjarðarhraun í Hafnarfirði. M lýsir atvikum svo að hann hafi ekið Bæjarhraun til suðurs að hringtorginu og stöðvað þar við biðskyldu. Hann hafi séð B í töluverðri fjarlægð og því ekið inn á hringtorgið. Hafi M verið kominn alveg inn á ytri hring hringtorgsins þegar B hafi ekið á vinstra afturhorn A. Var haft eftir ökumanni B að hann hefði ekið Fjarðarhraun til norðurs að hringtorginu og ekið í innri hring þess þar sem hann ætlaði að beygja út á þriðju gatnamótum inn á Fjarðarhraun til norðurs. Hafi hann gefið stefnuljós til hægri til marks um það, en þegar hann var að beygja út úr hringtorginu hafi A allt í einu verið ekið inn á hringtorgið fyrir framan B, á ytri akrein þess, með þeim afleiðingum að hægri framhorn B rakst á afturhorn A.

Í málskoti kvartar M undan því að hafa verið talinn eiga sök á árekstrinum.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var váttryggjandi A, til nefndarinnar, er lýst þeirri afstöðu að staðsetning skemmda á A og B samrýmist þeim framburði M að A hafi verið kominn alla leið inn í hringtorgið þegar B var ekið aftan á hana. Hafi ökumaður B ekki gætt nægilega að áskilnaði 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að halda nægjanlegu bili milli bifreiðanna og hafi það leitt til árekstursins. Beri B því alla sök á umræddum árekstri.

V2, sem á tjónsdegi var váttryggjandi B, gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr samkvæmt framansögðu að því hvor þeirra hafi ekið á undan inn á hringtorgið en samkvæmt 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga skal ökumaður sem ekur að hringtorgi veita þeim sem eru í torginu forgang. Í sömu málsgrein kemur fram að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu. Þá er biðskyldumerki við öll gatnamót inn á umrætt hringtorg en samkvæmt 2. mgr. 26. gr. sömu laga skal ökumaður veita umferð ökutækja, gangandi og hjólandi forgang á vegi sem ekið er inn á eða yfir sé það gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu.

Af framburði aðila í fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis má ráða að ökumaður B hafi ekið á innri hring og verið við það að beygja út úr hringtorginu þegar árekstur varð. Af framburði M má ráða að hann hafi veitt B athygli en metið aðstæður svo að honum væri óhætt að aka inn á hringtorgið og að A hafi verið á ytri akrein þess er árekstur varð. Hugðist M beygja af hringtorginu á þriðju gatnamótum. Aðila greinir þá á um hvort A hafi verið kominn inn í hringtorgið er árekstur varð.

Eins og mál þetta horfir við nefndinni er það mat hennar að árekstur A og B megi rekja til þess að M hafi umrætt sinn ekki gætt nægilega að áskilnaði 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga, um forgang umferðar um hringtorg og forgang þess sem ekur út úr hringtorgi af innri hring. Verður þá ekki talið sýnt fram á að efni séu til þess að leggja hluta sakar á ökumann B.

Niðurstaða.

Ökumaður A, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 25. mars 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir